# Fjármálaáætlun 2025-2029

## Kynning fyrir fjárlaganefnd
2. maí 2024

**Stjórnarráð Íslands**
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

# Stefnumarkandi áherslur



**Kolefnishlutlaust Ísland 2040**

- Minnkum losun og aukum bindingu kolefnis
- Tryggjum orkuöryggi og jafnt aðgengi til stuðnings orkuskiptum
- Verndum íslenska náttúru fyrir komandi kynslóðir
- Eflum hringrásar-hagkerfið
- Aukum öryggi íbúa og náttúru með vöktun og vörnum

Forsenda:
Samstarf og samráð ráðuneyta, opinberra stofnana, sveitarfélaga, atvinnulífs, samtaka og almennings

# RISASTÓRU verkefnin okkar

Íslenskt samfélag stendur frammi fyrir gríðarlegum áskorunum í umhverfis- og orkumálum. Næstu fimm ár ráða úrslitum um hvort við stöndumst þau próf sem fyrir okkur er lagt.

- LOFTSLAGSMÁLIN OG ORKUSKIPTIN – Verðum að ná fram markmiðum og alþjóðlegum skuldbindingum í loftslagsmálum til að eiga von um að ná fram markmiðum um kolefnishlutleysi. Afar skammur tími til stefnu.
- NÁTTÚRUVÁIN – Verðum að byggja upp og reka öfluga vöktunar-, viðbragðs og miðlunartækni. Tryggja framkvæmd hættu- og áhættumats. Halda áfram uppbyggingu varnarmannvirkja. Er forsenda þess að tryggja öryggi íbúa, innviða og þjóðaröryggis.
- ORKUMÁL – Verðum að tryggja orkuöryggi, búa til meira endurnýjanlega orku (raforku / jarðhita), tryggja orkudreifingu. Er forsenda orkuskipta sem grundvöllur loftslagsmála. Undirstöðuþáttur í efnahagslegum framförum þjóðarinnar.
- VATNIÐ – Verðum að vakta og vernda þessa mikilvægustu undirstöðuauðlind þjóðarinnar. Öll áform um virkjanir, hitaveitur, neysluvatn, fráveitur, sjávar- og landeldi, landbúnað, niðurdælingu kolefnis, iðnað og uppbygging innviða, o.fl. hvílir á því að við kortleggjum, vöktum, verndum og nýtum þessa mikilvægu auðlind með sjálfbærum hætti.

# Við höfum náð árangri...

... í orkuskiptum og erum #2 meðal þjóða sem hafa hvað hæst hlutfall hreinorkubifreiða. Hlutfallið jókst úr 7 í 16% milli ára 2022 og 2023.

... í loftslagsmálum þar sem losun gróðurhúsalofttegunda stendur nú í stað þrátt fyrir fjölgun íbúa og gífurlega aukningu í ferðamennsku. Kemur einkum til vegna þess að náðst hefur 12% samdráttur í losun á beinni ábyrgð Íslands m.v. grunnárið 2005. Hefði ekki gerst án markvissra aðgerða.

... í nýsköpun í föngun og förgun kolefnis.

... í flýting orkuskipta mun stuðla að samdrætti í losun.

.... í náttúruvá þar sem ofanflóðavarnir hafa ítrekað sanna gildi sitt og okkar vöktunar- og vísindastarf okkar færustu sérfræðinga hefur ásamt viðbragðs-aðilum sýnt og sannað gildi sitt og bjargað lífum, eignum og innviðum.

... við að auka sértekjur stofnana, einkum í þjóðgörðum og friðlýstum svæðum. Tekju-aukning nemur rúmum 600 m.kr. milli 2023 og 2024 og ráðgerð aukning til og með 2029 muni nema um 550 m.kr. til viðbótar eða 100 m.kr. á ári..

... unnið að hagræðingu í sameiningu stofnana sem er áætlað að skili hagræðingu fyrir um 600 m.kr. á ári.

# Ef við gerum of lítið - of seint?



LOFTSLAGSMÁL – Munum þurfa að reiða fram milljarða á milljarða ofan til kaupa á losunarheimildum.

ORKUSKIPTI – Munum halda áfram að kaupa, flytja inn og brenna jarðefnaeldsneyti í stórum stíl með miklum tilkostnaði.

ORKUMÁL – Munum ekki ná að tryggja orkuöryggi, svara þörf fyrir aukinni grænni orku til að standa undir orkuskiptum og leggja grunn fyrir efnahagslegar framfarir þjóðarinnar.

NÁTTÚRUVÁ – Líkur á mann- og eignatjóni og að mikilvægir innviðir glatist munu aukast umtalsvert og kosta mikla fjármuni til lengri tíma litið.

VATNIÐ – Munum ganga á sjálfbærni auðlindarinnar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum og kostnaði.

# Málefnasvið 17 Umhverfismál

## Útgaldarammi og helstu breytingar á milli ára

### FÁ rammi




### Breytingartillaga




| Tilefni - flokkun | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Styrking mannvirkjagerðar vegna ofanflóða | 600 | 500 | 300 | 100 | | 1.500 |
| Niðurfellt: Ofanflóðavarnir: millifærsla | 137 | | | | | 137 |
| Áhættu- og hættumat á Reykjanesi | 400 | -300 | -100 | | | 0 |
| Útgjaldasvigrúm / náttúrum. lausnir / 2023 frestu | 203 | 120 | | | | 285 |
| Breyting á sértekjuáætlun málefnasviðs 17 | 358 | 18 | 47 | -6 | -13 | 404 |
| Niðurfellt: Loftslagsmál - græn fjárfesting | | -600 | | | | -600 |
| Niðurfellt: Flýting framkvæmda v.ofanflóðavarn | -600 | | | | | -600 |
| Innviðir 2020- Veðurratsjá | -205 | | | | | -205 |
| Hringrásarhagkerfi - innviðir, nýsköpun & aðgerð | -100 | | | | | -100 |
| Niðurfellt: lækkun ráðstöfunarfjár ráðherra. | 1 | | | | | 1 |
| Niðurfellt: Hollvinafélag Kvíabekkjarkirkju | -2 | | | | | -2 |
| Niðurfellt: rekstur náttúrustofa | -48 | | | | | -48 |
| Aðhald á málefnasvið | -138 | -141 | -140 | -140 | -141 | -700 |
| Endurvinnslan: Áætlun umsýsluþ. & skilagjald | 600 | 200 | 200 | 200 | 200 | 1.400 |
| Úrvinnslusjóður: Áætluð innheimta úrvinnslugja | 90 | 90 | 90 | 90 | 90 | 450 |
| Ráðstöfun losunarheimilda til flugfélaga | 1.100 | 900 | -2.000 | | | 0 |
| Niðurfellt: Notkun sveigjanleikaákvæðis | -500 | | | | | -500 |
| | 1.897 | 786 | -1.603 | 244 | 136 | 1.460 |

# Málefnasvið 15 Orkumál

## Útgaldarammi og helstu breytingar á milli ára







| Tilefni - flokkun | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjárveiting til ráðstöfunar í orkumál | 500 | | | | | 500 |
| Almennt útgjaldasvigrúm (2023 frestað 1-2 ár) | 13 | | | | | 13 |
| Tekjuáætlun vegna jöfnunargjalds | 25 | | | | | 25 |
| Orkuskipti | | -2.500 | | | | -2.500 |
| Loftslagsmál: Aukinn stuðningur við orkuskipti | -250 | | | | | -250 |
| Niðurfellt: Átak í jarðhitaleit | | -150 | | | | -150 |
| Aðhald á málefnasvið | -11 | -13 | 13 | 13 | 13 | 15 |
| Breyting á sértekjuáætlun málefnasviðs 17 | 7 | -25 | | | | -18 |
| | 284 | -2.688 | 13 | 13 | 13 | -2.364 |